

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Dagsetning: 17.02.2021
Málsnúmer: FJR20110008
Bréfalykill: 3.6

Efni: Frumvarp til laga um reglubundna og viðvarandi upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu - 341. mál.

Með minnisblaði þessu vill fjármála- og efnahagsráðuneytið koma á framfæri breytingartillögum vegna frumvarps til laga um reglubundna og viðvarandi upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu sem gekk til efnahags- og viðskiptanefndar 19. janúar sl. Breytingartillögurnar voru unnar í samráði við Seðlabanka Íslands og lúta að minniháttar tæknilegum atriðum og lagfæringum.

5. gr. Heimaríki og gistiríki.

Lagt er til að orðin "Á Íslandi" í fyrirsögn 5. gr. falli brott. Þá er lagt til að orðinu "framfylgja" í 5. mgr. 5. gr. frumvarpsins verði skipt út fyrir orðið "fylgja", enda hefur orðið "framfylgja" meiri skírskotun til eftirlits með lögum, sem ekki er ætlunin að fela útgefendum verðbréfa.

13. gr. Flöggunarskylda við sérstakar aðstæður.

Í e-lið 13. gr. er vísað til 1.-4. tölul. ákvæðisins, en þar sem um staflíði er að ræða í ákvæðinu á þar að standa "a-d-lið".

14. gr. Flöggunarskylda vegna fjármálagerninga.

Ákvæði 3. mgr. 14. gr. er svohljóðandi:

"Aðili sem sendir tilkynningu á grundvelli 1. mgr., skal tilkynna aftur þegar hann aflar, ráðstafar eða nýtir undirliggjandi hlutabréf, ef slíkt leiðir af sér að hann nái þeim mörkum sem koma fram í 1. mgr. 12. gr., eða fer yfir þau eða undir þau."

Við nánari skoðun er ekki talin þörf á að leggja þá skyldu á aðila að tilkynna þegar hann "ráðstafar eða nýtir" undirliggjandi hlutabréf. Í 2. mgr. 13a. gr. tilskipunar 2004/109/EB, sem ákvæðinu er ætlað að innleiða, er aðeins vísað til þess þegar aðili "hefur keypt undirliggjandi hlutabréf" og atkvæðisrétturinn "nær eða fer yfir viðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr.". Þá kallar tilskipunin ekki á að tilkynnt sé þegar undirliggjandi bréf eru seld og farið er undir viðmiðunarmörk. Er því lagt til að orðalag 3. mgr. 14. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

"Aðili sem sendir tilkynningu á grundvelli 1. mgr. skal tilkynna aftur þegar hann aflar sér undirliggjandi hlutabréfa, ef slíkt leiðir af sér að hann nái þeim mörkum sem koma fram í 1. mgr. 12. gr., eða fer yfir þau."

43. gr. Ákvörðun sekta.

Lagt er til að í 6. mgr. 43. gr. frumvarpsins verði því bætt við að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að líta til taps sem forðað er með broti gegn lögnum, til samræmis við orðalag tilskipunar 2004/109/EB og önnur lög á sviði fjármálamarkaðar. Ákvæðið yrði því svohljóðandi:

"Ef einstaklingur eða lögaðili brýtur gegn lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra er heimilt að ákvarða hinum brotlega sekt sem getur, þrátt fyrir 3. mgr., orðið allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem nemur fjárhagslegum ávinningi af broti eða tapi sem forðað er með broti, eftir því hvort er hærra".

44. gr. Upplýsingagjöf Fjármálaeftirlitsins til ESMA.

Í 6. mgr. 44. gr. frumvarpsins er lögð skylda á Fjármálaeftirlitið til að senda ESMA samantekt um beitingu stjórnsluviðurlaga og tilteknar upplýsingar. Seðlabanki Íslands hefur vakið athygli ráðuneytisins á því að skylduna er ekki að finna í ákvæðum tilskipunar 2004/109/EB. Er því lagt til að 6. mgr. 44. gr. frumvarpsins falli brott.

52. gr. Skylda Fjármálaeftirlitsins til samstarfs við ESMA og ESRB.

Lagt er til að orðunum "samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB" verði bætt við í lok 2. mgr. 52. gr. frumvarpsins.

Ábendingar vegna greinargerðar.

Vakin er athygli á að í athugasemdum við ákvæði 3. mgr. 3. gr. er vísað í röng kaflaheiti, en þar hefði átt að vísa í II. og IV. kafla frumvarpsins líkt og gert er í ákvæðinu sjálfu. Þá má af lestri athugasemda við 12. gr frumvarpsins draga þá ályktun að yfirtökuskylda skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti stofnist við 40% atkvæðisrétt í félagi. Rétt er að áréttta að samkvæmt nógildandi 99. laga nr. 108/2007 stofnast yfirtökuskyldan við 30% atkvæðisrétt í félagi.